



Hringbraut 119 – fyrirspurn um gistileyfi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. júní 2023 var lögð fram fyrirspurn Odds Grétarssonar f.h. 1x ehf., um rekstur gististaðar í flokki II í húsinu á lóð nr. 119 við Hringbraut.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Hringbraut 119 borgarhluta 1 Vesturbæ og er á skilgreindu verslunar- og þjónustusvæði, VP1 - JL hús, svokölluðum hverfiskjarna.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, Lýsisreitir, samþykkt 15. febrúar 2007 með síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 119 við Hringbraut er steinsteypt fjölbýlishús með verslunar- og þjónusturýmum á jarðhæð, byggt árið 1984 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir áliti skipulagsfulltrúa á rekstri gististaðar í flokki II í húsinu.

Samkvæmt aðalskipulagi eru í hverfiskjörnum stærri matvöruverslanir og fjölbreytt verslun og þjónusta sem þjónar heilu hverfi. Veitingastaðir í flokki I og II eru heimilir í hverfiskjörnum, svo og gististaðir í flokki I–III. Veitingastaðir í flokki III geta verið heimilir samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi eða hverfisskipulagi. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum bygginga. Ekki er minnst sérstaklega á gistileyfi í gildandi deiliskipulagi.

Þar sem húsið er staðsett í hverfiskjarna, hefur það rýmri heimildir fyrir gististarfsemi og yrðu því ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu rekstarleyfis. Sótt er um gistileyfi hjá sýslumanni.

Niðurstaða

- Ekki yrðu gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu rekstarleyfis í flokki II fyrir íbúð á efri hæð í húsi nr. 119 við Hringbraut, samræmist gildandi aðalskipulagi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri